

AUGLÝSING

um umferð í Kópavogi.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, með síðari breytingum, og að fengnum tillögum bæjarráðs Kópavogsbæjar hefur lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu ákveðið að banna stöðu ökutækja á Smiðjuvegi og Skemmuvegi.

Bannið er táknað með umferðarmerkinu B21.11, samkvæmt reglugerð um umferðarmerki og notkun þeirra.

Ákvörðun þessi tekur gildi við birtingu auglýsingarinnar.

Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu, 23. október 2015.

Sigríður Björk Guðjónsdóttir.

B-deild – Útgáfud.: 6. nóvember 2015